

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Kennslukönnun og úrvinnsla fyrir skýrslu gæðastjóra fyrir haustönn 2015

Skýrsla þessi er hluti af skýrslu gæðastjóra fyrir haustönn 2015
Verkmenntaskólinn á Akureyri
Sigríður Huld Jónsdóttir tók saman
18. desember 2015

Kennslukönnun á haustönn 2015

Samkvæmt 40. og 41. gr. laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 skal hver framhaldsskóli meta kennslu og gæði skólstarfsins með kerfisbundnum hætti. Mennta- og menningarmálaráðuneytið lætur síðan gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti. Verkmenntaskólinn á Akureyri gerir áfanga- og kennslumat á meðal nemenda skólans á hverri önn samkvæmt verklagi í gæðahandbók VMA (sjá [VKL 402](#)). Aðrar úttektir á námi og kennslu eru gerðar á hverri önn eins og líst er í sjálfsmatsáætlun hvers skólaárs t.d. áfangaskýrslur, framvindumat og ýmsar samantektir á árangri nemenda. Annað hvert ár er gerð þjónustukönnun á meðal nemenda þar sem spurt er um ýmsa aðra þætti en kennslu og nám í einstaka áföngum. Niðurstöður þessara kannanna eru notaðar til að mæla gæðamarkmið skólans er lúta að kennslu áfanga og líðan nemenda.

Tilgangur áfanga- og kennslukannanna er að kanna hvernig til hafi tekist í áfanganum og í skólstarfinu með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Allir kennarar fá eigin niðurstöður úr kennslukönnunum senda í tölvupósti og eru niðurstöður hvers kennara ræddar í starfsmannaviðtali við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Hvert fag/braut fær niðurstöðu deildar/brautar sem rædd er á fag-/brautarfundi og er fundagerð skilað til skólameistara. Þá fer gæðaráð skólans yfir heildarniðurstöður kennslukönnunar hverrar annar.

Fag- og brautarstjórar ásamt öðrum stjórnendum hafa forgöngu um að nýta niðurstöður kannanna til að bæta faglegt starf innan skólans og tryggja þannig að nemendur fái þá kennslu sem lagt er upp með innihaldi áfanga og nýttar séu þær kennsluaðferðir sem best hæfa námi nemenda.

Kennslukannanir eru gerðar á hverri önn og er 1/3 af áföngum skólans inni í hverri könnun. Því þarf samanlagt meðaltal 3ja anna til að fá meðaltal skólans.

Kennslukönnun á haustönn 2015 fór fram í nóvember. Nemendur í þeim áföngum sem voru í úrtaki voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Á haustönn 2015 voru áfangar og kennarar á eftirfarandi brautum/fögum í úrtakinu: listnámsbraut, byggingadeild, samfélagsgreinum, stærðfræði og viðskiptagreinum.

Könnunin var unnin í gegnum könnunarforritið *SurveyMonkey* og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með slóð á könnunina. Alls voru sendar út 1721 kannanir og fengust 740 svör eða tæplega 43% svörun sem er frekar dræm svörun. Nemendur fengu ítrekun í tölvupósti tvisvar sinnum og farið var farið í stofur til að biðja nemendur að svara könnuninni. Farið með þeim í tölvustofu þar sem nemendur svöruðu. Þessi eftirrekstur virðist vera nauðsynlegur til að fá betri svörun en ekki náðist hafa fara inn í nógu marga hópa til að fá meiri svörun. Alls var spurt um 26 kennara og 72 áfanga. Hægt er að nálgast niðurstöður einstaka áfanga inni á *SurveyMonkey* sem aðstoðarskólameistari hefur aðgang að.

Gæðamarkmið VMA sem mæld eru í kennslukönnunum

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni *Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi* með því að svara *frekar sammála* eða *mjög sammála*.

Í kennslukönnun í VMA á **haustönn 2015** svara **91.6%** nemenda spurningunni *Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi* með því að svara *frekar sammála* eða *mjög sammála*.

Meðaltal haustannar 2014 (**88.2%**), vorannar 2015 (**92.6%**) og nú haustannar 2015 **91.6 %**. Meðaltal þessarra þriggja anna er **90.8%** þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást.


Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 75% nemenda svari spurningunni *Á heildina á litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum* með því að svara *frekar sammála* eða *mjög sammála*.

Í kennslukönnun í VMA á **haustönn 2015** svara **86.3%** nemenda spurningunni *Á heildina á litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum* með því að svara *frekar sammála* eða *mjög sammála*.

Meðaltal haustannar 2014 (**88,2%**), vorannar 2015 (**89%**) og nú haustannar 2015 (**86.3%**) við þessari spurningu er **87.9%** þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást miðað við meðaltal síðustu þriggja anna. Gæðamarkmiðið þarf að skoða fyrir síðustu þrjár annir til að ná öllum áföngum inn í svörunina þar sem kennslukannanir eru gerðar á 3ja anna fresti.

Q15 Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum

Answered: 725 Skipped: 15



Listi með nöfnum kennara og áföngum í mati á haustönn 2015:

| | |
|---|---|
| <p>Listnámsbraut</p> <ul style="list-style-type: none"> • Anna María Guðmann • Þóra Björg Eiríksdóttir • Helga Björg Jónasardóttir • Halldóra Björg Sævarsdóttir • Hallgrímur Stefán Ingólfsson • Sveina Björk Jóhannesdóttir • Sólveig Þóra Jónsdóttir • Véronique Anne Germaine Legros | <p>Byggingadeild</p> <ul style="list-style-type: none"> • Bragi Sigurður Óskarsson • Halldór Torfi Torfason • Kristján Davíðsson • Þorleifur Jóhannsson |
| <p>Samfélagsgreinar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Guðjón Eyjólfsson • Hrafnhildur S Sigurgeirsdóttir • Valgerður Dögg Jónsdóttir • Þorsteinn Kruger • Þröstur Ásmundsson | <p>Stærðfræði</p> <ul style="list-style-type: none"> • Haukur Jónsson • Hermann Jón Tómasson • Hálfán Örnólfsson • Indriði Arnórsson • Kjartan Heiðberg |
| <p>Viðskiptagreinar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hilmar Friðjónsson • Katrín Harðardóttir • Leifur Brynjólfsson • Sunna Hlín Jóhannesdóttir | |

| | | | |
|-----------|-----------|-----------|-----------|
| BÓKF1DH05 | LÍFS1FN04 | SAG2036 | STÆF1FB03 |
| EFRÆ1BV05 | LÍFS1SN02 | SAG3036 | STÆF1JF05 |
| FAT1036 | LKN1924 | SAG3136 | STÆF2TE05 |
| FÉL3036 | MELÆ1ML05 | SAGA1NM05 | TEH2036 |
| FÉL4736 | MYL1036 | SÁL1036 | THG2036 |
| FÉLA1MS05 | MYL2036 | SÁL2036 | TIH10AK |
| FRVV1SR03 | MYL2148 | SÁL3036 | TLB1024 |
| GRT2036 | MYL2236 | SET1048 | TRÉS1AB01 |
| GRUN1FF04 | MYL3036 | SJL2036 | TRÉS1SL06 |
| HAG1036 | MYL5048 | SJÓN1LF05 | TST1012 |
| HAG1136 | MYL6036 | SJÓN1TF05 | UPP1036 |
| HSP1036 | MYS1036 | STÆ1224 | UPP2036 |
| HTL206C | NÁSS1SÖ06 | STÆ1826 | UTL1024 |
| HÖN1736 | NSKXS6C | STÆ3036 | ÚVH1024 |
| ÍSLE1FL05 | PLG106C | STÆ3136 | VEFXX12 |
| ÍSLE1LB04 | PRJ1036 | STÆ4036 | VEFXX24 |
| LIM2036 | RAMV1HL05 | STÆ5036 | VID1136 |
| LIME2ML06 | | STÆF1AH05 | VIÐS2AV02 |
| | | STÆF1BP04 | |

Kennslu- og áfangamat – haustönn 2015
Niðurstöður lokaðar spurningar.

1. Kennarinn er vel undirbúin(n) þegar hann kemur í kennslustundir

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 60.0% | 444 |
| Frekar sammála | 33.6% | 249 |
| Frekar ósammála | 4.2% | 31 |
| Mjög ósammála | 1.1% | 8 |
| Veit ekki / Á ekki við | 1.1% | 8 |
| | Svara spurningu | 740 |
| | Sleppa spurningu | 0 |

2. Kennarinn kann sitt fag

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 76.7% | 565 |
| Frekar sammála | 19.3% | 142 |
| Frekar ósammála | 1.9% | 14 |
| Mjög ósammála | 1.1% | 8 |
| Veit ekki / Á ekki við | 1.1% | 8 |
| | Svara spurningu | 737 |
| | Sleppa spurningu | 3 |

3. Kennarinn hefur elft hæfni mína og færni í námsgreininni

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 52.6% | 388 |
| Frekar sammála | 32.8% | 242 |
| Frekar ósammála | 7.9% | 58 |
| Mjög ósammála | 4.3% | 32 |
| Veit ekki / Á ekki við | 2.3% | 17 |
| | Svara spurningu | 737 |
| | Sleppa spurningu | 3 |

4. Kennarinn heldur góðum vinnufriði í kennslustundum

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 48.3% | 356 |
| Frekar sammála | 39.9% | 294 |
| Frekar ósammála | 6.5% | 48 |
| Mjög ósammála | 2.0% | 15 |
| Veit ekki / Á ekki við | 3.3% | 24 |
| | Svara spurningu | 737 |
| | Sleppa spurningu | 3 |

5. Ég get leitað til kennarans t.d. ef ég skil ekki námsefnið

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 66.0% | 487 |
| Frekar sammála | 24.3% | 179 |
| Frekar ósammála | 4.5% | 33 |
| Mjög ósammála | 3.4% | 25 |
| Veit ekki / Á ekki við | 1.9% | 14 |
| | Svara spurningu | 738 |
| | Sleppa spurningu | 2 |

6. Kennari hefur örugga framkomu

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 68.7% | 506 |
| Frekar sammála | 22.0% | 162 |
| Frekar ósammála | 5.8% | 43 |
| Mjög ósammála | 2.3% | 17 |
| Veit ekki / Á ekki við | 1.2% | 9 |
| | Svara spurningu | 737 |
| | Sleppa spurningu | 3 |

7. Kennarinn gerir námið áhugavert

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 44.6% | 329 |
| Frekar sammála | 30.9% | 228 |
| Frekar ósammála | 14.2% | 105 |
| Mjög ósammála | 6.9% | 51 |
| Veit ekki / Á ekki við | 3.3% | 24 |
| | Svara spurningu | 737 |
| | Sleppa spurningu | 3 |

8. Samskipti mín við kennarann hafa verið góð

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 62.8% | 465 |
| Frekar sammála | 28.8% | 213 |
| Frekar ósammála | 4.3% | 32 |
| Mjög ósammála | 1.8% | 13 |
| Veit ekki / Á ekki við | 2.3% | 17 |
| | Svara spurningu | 740 |
| | Sleppa spurningu | 0 |

9. Kennarinn mismunar ekki nemendum

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 67.7% | 500 |
| Frekar sammála | 21.9% | 162 |
| Frekar ósammála | 4.9% | 36 |
| Mjög ósammála | 2.7% | 20 |
| Veit ekki / Á ekki við | 2.8% | 21 |
| | Svara spurningu | 739 |
| | Sleppa spurningu | 1 |

10. Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluaðferðir

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 40.9% | 302 |
| Frekar sammála | 35.0% | 259 |
| Frekar ósammála | 14.3% | 106 |
| Mjög ósammála | 6.2% | 46 |
| Veit ekki / Á ekki við | 3.5% | 26 |
| | Svara spurningu | 739 |
| | Sleppa spurningu | 1 |

11. Ég stunda námið í áfanganum samviskusamlega (skila verkefnum á réttum tíma, er virk/virkur í hópastarfi, tek þátt í umræðum í tímum og fl.)

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 49.9% | 363 |
| Frekar sammála | 40.5% | 295 |
| Frekar ósammála | 6.5% | 47 |
| Mjög ósammála | 1.0% | 7 |
| Veit ekki / Á ekki við | 2.2% | 16 |
| | Svara spurningu | 728 |
| | Sleppa spurningu | 12 |

12. Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 58.2% | 422 |
| Frekar sammála | 33.4% | 242 |
| Frekar ósammála | 3.7% | 27 |
| Mjög ósammála | 1.5% | 11 |
| Veit ekki / Á ekki við | 3.2% | 23 |
| | Svara spurningu | 725 |
| | Sleppa spurningu | 15 |

13. Námsgögn (bækur, vefsíður, verkefnahefti o.f.l.) í áfanganum eru viðunandi

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 53.2% | 386 |
| Frekar sammála | 31.8% | 231 |
| Frekar ósammála | 5.2% | 38 |
| Mjög ósammála | 1.8% | 13 |
| Veit ekki / Á ekki við | 8.0% | 58 |
| | Svara spurningu | 726 |
| | Sleppa spurningu | 14 |

14. Moodle-vefsíða áfangans auðveldar mér námið í áfanganum

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|-------------------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 26.4% | 190 |
| Frekar sammála | 27.5% | 198 |
| Frekar ósammála | 13.3% | 96 |
| Mjög ósammála | 6.8% | 49 |
| Áfanginn er ekki með Moodle vefsíðu | 26.1% | 188 |
| | Svara spurningu | 721 |
| | Sleppa spurningu | 19 |

15. Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum

| Svarmöguleikar | Svar prósentu | Fjöldi svara |
|------------------------|-------------------------|--------------|
| Mjög sammála | 55.3% | 401 |
| Frekar sammála | 31.0% | 225 |
| Frekar ósammála | 8.0% | 58 |
| Mjög ósammála | 3.4% | 25 |
| Veit ekki / Á ekki við | 2.2% | 16 |
| | Svara spurningu | 725 |
| | Sleppa spurningu | 15 |

16. Ábendingar sem þú vilt koma á framfæri til að bæta kennsluna og áfangann

| | Fjöldi svara |
|-------------------------|--------------|
| Svara spurningu | 152 |
| Sleppa spurningu | 588 |

17. Ábendingar um það sem þér finnst jákvætt við áfangann og/eða kennarann

| | Fjöldi svara |
|-------------------------|--------------|
| Svara spurningu | 190 |
| Sleppa spurningu | 550 |

Opnar spurningar. Ábendingar sem þú vilt koma á framfæri til að bæta kennsluna og áfangann.

- Að hafa minni krakka í áfanganum og fara ekki svona HRATT yfir námsefnið.
- Að kennarinn bæti framkomu sína á allan hátt, hann er neikvæður og finnst eigin skoðanir vera þær einu sem gilda, mér finnst hann ekki höndla að vera kennari lengur
- allt mjög flott og skipulagt, kennarinn veit hvað hann er að segja og öll neikvæð svör í þessari könnun eiga ekki við mig því ég nota ekki moodle síðuna og hlusta á tónlist í tímum.
- Allt mjög gott ekki, breyta neinu
- Áfanginn er áhugaverður
- Áfanginn mætti vera aðeins ýtarlegri og jafnvel tvöfaldaður, kannski er það bara ég en mér finnst efnið skemmtilegt en erfitt að fara svona grunnt yfir.
- Bara ekki góður kennari
- Betra net í tölvuna
- Betri línustrikaða töflu þar sem það er ekki svona erfitt að ná pennisnum af
- Bókin er frekar þung fyrir minn smekk og erfitt að einbeita sér við lesturinn.
- bókin er í samfelldum texta sem gerir manni erfitt að einbeita sér við lesturinn
- Efnið í áfanganum er áhugavert en kennsluáferðin er það ekki. Kennarinn sýnir glærur með eintómum texta og talar út frá þeim. Það þarf að gera efnið meira lifandi, hafa myndir á glærunum, virkja fólk meira í umræður og hafa verkefni fjölbreyttari. Öll skilaverkefni eru með sama sniðinu, þú svarar spurningum á blað og skilar til kennara, kynningar væru skemmtilegri og myndu vekja meiri áhuga hjá mér. Mér finnst líka að þessi áfangi ætti að vera próflaus, vegna þess að þetta er efni sem þú þarft að kannast við, hafa heyrt um og vita eitthvað um, en mér finnst ekki nauðsynlegt að þú þurfir að kunna alveg 100% hvaða ár þetta gerðist eða hvað þessi maður sagði á þessum fundi. Það eina sem þessi vitneskja á eftir að nýtast mér í framtíðinni er í samræðum við annað fólk og þá er nó að hafa talað um þetta í tíma, gert verkefni og vita um hvað málið snýst en ekki endilega að vita þetta alveg nálvæmlega.
- Eina sem ég vill koma á framfæri eru hlutir sem hvorki ég né hann getur breytt og það er hvernig sumir bekkjarfélagar mínar láta..
- Einkunnagjöf, það er dregið fullmikið frá fyrir smávæginlegar villur.
- Einkunnagjöf finnst mér vera mjög ósanngjörn þar sem að ein villa gildir einn heill í mínus ... Réttu svörin gilda ekkert á móti ef þú ert komin með 10 villur þá færðu bara 1 skiptir ekki máli hvað það eru mörg rétt á móti
- Einkunnagjöf í áfanganum er mjög ósanngjörn. Fyrir hverja villu sem maður gerir er dregið niður um einn heilann. Þannig villurnar gilda meira en rétt svör. Það er með ólíkindum.
- Ekkert sem þarf að betur færa
- Ekkert til að kvarta um. Einu neikvæðu svörin í þessari könnun eru ekki vegna kennarans heldur vegna fagsins.
- Ekki láta krakkana sitja marga tíma í röð inni í kennslustofunni ein þegar hún er ekki á staðnum til að hjálpa eða er ekki í skólanum yfir höfuð. Vita betur hvernig hún ætlar að gefa einkunnir fyrir verkefni og hafa rök fyrir því afhverju

hún fer yfir verkefni svona en ekki hinsegin þegar hún er spurð út í einkunnagjöf.

- Ekki nota Pinterest, frekar nota Moodle
- Erfitt að eiga almenn samskipti við kennarann
- Erfitt að sitja bara og hlusta
- ég fell ekki inn í hópinn og á því erfitt með að vinna í hópavinnu með bekknum
- fara aðeins hægar í útskýringar og nota fjölbreyttar aðferðir ef hægt er
- fara hægar yfir efnið og fá tækifæri til þess að glósa eftir glærunum.
- fá betri tíma til að vinna verkefni
- fá fleira af verkefnum í tíma maður er svo fljótur að klára þau.
- Fá meiri tíma í að vinna skilaverkefni, enda alltaf á því að þurfa að klára allt heima
- Fer of hratt yfir efnin, má taka lengri tíma að fara yfir glærur og kafla verkefni, en ekki bara ræða spurninganna, það hjálpar ekkert.
- Finnst að það mætti koma með fleiri leiðir á kennslu, ekki bara það að kennarinn stendur upp við töfluna og talar allan tíman. Ég læri lítið af því
- fleiri hópverkefni
- Fleiri tímar til að vinna upp ókláruð verkefni ;)
- Færri tölvutíma, meira skrifað á pappír
- gera ekki upp á milli nemenda
- Gerir námsefnið ekki nógu skemmtilegt, finnst hún ekki kunna sitt fag nógu vel
- Glósur mættu vera skipulagðari og aðeins betri
- Hafa færri krakka í tímum svo hann gæti synt öllum, og fara ekki HRATT yfir námsefnið.
- Hafa kennslustundir fjölbreyttari svo manni leiðist ekki í timanum
- Hann mætti alveg tala aðeins hærra
- Hann nær alls ekki að skila efninu til nemenda og fer lítið sem ekkert í kaflan samkvæmt bókinni og svo allt í einu er próf úr kafla sem hann hefur ekkert fjallað um...
- XXX gerir mannamun og hefur engann aga og þau þyrftu að hafa námsefnið öðruvísi sett fram því það er mikið farið úr einu í annað.
- hlusta á það sem nemendur hafa að segja, finnst oft ekki verið að taka mark á okkar skoðunum.
- hætta með áfangan hann gagnast engum framhaldsskóla nemenda er hins vegar tilvalin fyrir 3bekk í grunnskóla :(
- já það þarf að kaupa milwaunkee borvélar
- Já, hann er kannski aðeins of harður þegar kemur að því að gefa einkunnir
- Kannski að byrja ekki of fljótt á nýju verkefni þegar maður er ekki búin að ljúka því fyrra. Það gerir það stundum að verkum að maður drífur sig meira og þá verður myndin ekki eins vönduð.
- Kaupa Makita verkfæri
- Kennari mætti koma á réttum tíma úr frímínútum

- kennarinn gæti verið aðeins harðari um að hafa þögn
- leyfa okkur að spreyta okkur meira í að teikna efftir ímyndunaraflinu okkar :))
- Líður bara illa í tíma og vil hels ekki mæta
- Læra á klukkuna ekki bara stærðfræði haha
- Meira skipulag
- Mér finnst að ekki sé notuð rétt kennsluaðferð af því farið er yfir allt námsefnið á töflunni og finnst mér að við þurfum varla að hugsa af því ef okkur vantar aðstoð er farið yfir verkefnið á töflunni og ekki mikið útskýrt af hverju þetta er svona við eigum bara að vita af hverju.
- Mér finnst að það hafi verið kennt lítil "lífsleikni" í þessum tímum. Fannst þetta vera meira eins og samfélagsfræði
- mér finnst að það mætti vera minna af hópaverkefnum
- Mér finnst að það ætti að leggja niður lokapróf í sögu-áföngum. Það er ofboðslega stórt verk að læra heila bók úr sögu mannkyns utanaf og mun betra að setja áfangann upp sem símatsáfanga.
- Mér finnst við fara yfir efnið alltof hratt. Finnst við fá lítinn tíma við að klára kaflana.
- mér finnst að kennarinn eigi að fara betur yfir aðferðirnar bara með dæmum sem eru ekki úr heftinu og útskýra hvað er að gerast
- Mér persónulega finnst efnið hrátt, og erfitt með að fylgjast með í tímum því oftast eru þetta eintómar glærur. Virkar ekki fyrir mig að sitja og horfa á eitthvað glærushow og glósa.
- Moodle er rusl sem virkar hræðilega og ætti ekki að vera til!
- Mætti hafa skipulagt alla önnina betur. Það er mjög erfitt að tka öll prófin svona í lokin. Væri miklu betra að deila þessu vel á milli annarinnar.
- Mætti vera fjölbreyttari kennsla . t.d. fleiri tölvutímar. Þeir hjálpuðu mikið að skilja efnið
- Mætti vera meira um hópaverkenfi og minna að svara bóklega spurningum í tíma.
- Námsefnið og orðaval er oft á tíðum þannig að nemendur skilja bara ekki textan í kennslubókinni. Mætti alveg nútíma væða kennsluefnid.
- Nánast öll verkfæri eru orðin gömul og eru langt a eftir sinni samtíð
- Nota kahoot!
- Notast meira við kennslu á töflu
- Nýtt tölvukerfi er þörf ! Það er engin þörf á að uppfæra hljóðkerfið uppá listnámsbraut.
- Reif kjaft við mig
- skipta um kennara
- tölvukerfið í skólanum
- tölvurnar í skólanum
- Uppfæra kennslubók
- Uppfærið netið á b gangi. Það næst ekki inn í enda. og tölvun í stofuni er jafn hæg og soðinn ostur.

- Vantar betra tölvukerfi svo hægt sé að hafa kennslu í digital ljósmyndun
- Veit ekki hvað þarf en ég allavega á mjög erfitt með að skilja þetta nám
- vera búið að gera kennslubókina áður en kennsla hefst.
- Vera meira skipulögð
- væri fínt að hafa fjölbreyttari kennslu
- væri gott að hafa aðeins stærri stofu þegar margir eru í tíma.
- Væri gott að hafa svarhefti til að miða svörin sín við.
- Það er aldrei lærdómsfridur í tíma
- Það er ekki nóg að hafa einn kennara..mjög erfitt að fá hjálp og sumum er hjálpað meira en öðrum
- Það er ómögulegt að kenna stærðfræði áfanga þar sem að er bara notast við hefti sem er ekki með neinum útskýringum, það er miklu meira vit í að láta okkur kaupa bækur sem eru með sýnidæmum eða bæta sýnidæmum inn í heftið. Þetta er það eina sem ég hef út á að setja í stærðfræði áfanganum.
- Það getur verið veulega erfit að skilja hvað hann talar um stundum, og maður fær ekki miklar útskýringar við spurningum.
- Það þarf að laga tölvukerfið í skólanum!!!!
- Það þarf nýjar tölvur i þennan skola
- Þannig er mál með vexti er að fjárveiting til þessa áfanga er svo lág þannig að ekki eru til öll þau tæki sem við þörfnumst eða þau hreinlega orðinn of gömul og erfitt og þess vegna hættulegt að notast við
- Þegar ég skil ekki eitthvað þá finnst mér hann ekki geta úrkýrt það fyrir mér hann seigir kannski eitthvað en ég er engu nær
- Þessir áfangi er ekki beint það sem maður þarf messt á að halda í lífinu.
- Þetta er fínt
- Þetta er mjög fínn áfangi en mér fannst hann persónulega stundum leiðinlegur. Að auki sleppti kennarinn mjög oft frímínútum en hélt okkur samt allan tímann(hleypti okkur sem sagt ekki 5 mín fyrr eins og á að gera þegar frímó er sleppt).
- Þurr og langdregin kennslubók

Opnar spurningar. Ábendingar um það sem þér finnst jákvætt við áfangann og kennarann.

- Alger snillingur í hagfræði
- Algjör snillingur, mjög goður kennari og algjört æði
- allt er í sómanum finnst ég hafa lært mikið áhugavert í tímanum.
- Allt fínt og flott, XXX veit hvað hann er að gera og er frábær og yndislegur kennari
- Allt gott að heyra frá mér. Hann er frábær og kann fagið sitt vel. Hlakka til að vera í meira samstarfi með honum.
- allt í góðu
- Alltaf gaman í tímum.
- XXX er frábær kennari sem kann sitt fag og kennir mjög vel. Hún seggir sína

skoðun á réttu og röngu sómasamlega.

- Auðveldar okkur byrjunina í skólanum, t.d. við val á áföngum og svoleiðis.
- Áfanginn er mjög skemmtilegur og fjölbreyttur og ég hef lært heilmikið af því að sækja þessa áfanga. XXX er frábær kennari og yndisleg manneskja. Hann er alltaf til í að aðstoða fólk.
- áfanginn væri skemmtilegur ef kennarinn myndi kenna hann almennilega. XXX er mjög vitur en mér finnst hann ekki kunna að kenna
- Áhugaverður og skemmtilegur áfangi
- Ákveðin , goð kennslustundir
- Bara allt mjög jákvætt
- Besti kennari sem hefur kennt mér
- Besti sögukennari sem ég hef haft
- XXX er með fallett bros
- XXX er mjög skemmtileg. ;)
- XXX er æðisleg, og áfanginn er mjög skemmtilegur!
- XXX er æðislegur kennari
- Eg er mjög ánægð með áfangann og kennarann
- einfaldur og ágætur áfangi
- Ekki neitt, ég sem hef mikinn áhuga á sálfræði, læri ekkert hjá honum.
- Er alltaf jafn vingjarnleg við alla
- Erfitt en það er bara því þetta er stærðfræði. Kennarinn er fín og ég get haldið mig við námið.
- Ég er mjög ánægð með kennaran og áfangann
- ég er mjög ánægð með kennarann
- ég er mjög ánægð með kennarann
- Ég er mjög ánægð með XXX sem kennara hún er hreinskilin, frábær og skemmtileg. Hún veit nokkurnveigin hvað hún er að gera og ég skil mjög vel ef hún var ekki alveg viss með eitthvað sambandi við námsefnið því hún er að kenna þetta í fyrsta skipti. XXX er besti kennarinn sem er að kenna mér þessa önn.
- Ég hef áhuga á að vera í þessum áfanga, væri betra ef það væri annar kennari
- Fannst þetta vel kennt. Ég lærði margar nýjar aðferðir sem munu hjálpa mér í framtíðinni ;)
- Finnst kennarinn mjög skipulagður og góður að kenna efnið. Námsefnið er frekar einhæft og tímar einnig. Mætti krydda uppá tímana en kennarinn er samt að sinna starfinu vel.
- Fín kennari, kemur um leið og þú biður um hjálp. Finnst hann útskýraefnið vel.
- Fínt að brjóta áfangann upp með verklegum verkefnum.
- fjármálalæsis hlutinn er ágætur bara ekki nægilega krefjandi samt
- Fjölbreytt og gaman.
- Fjölbreyttar kennsluáðferðir.
- Flottur kennari sem stendur sig vel

- Frábær áfangi sem og kennari
- frábær kennari
- Frábær kennari í alla staði og heldur áhuga mínum við efnið :)
- Frábær kennari og alltaf hægt að tala við hana
- Frábær kennari sem gerir námið áhugavert!
- frábær kennari yfirhöfuð
- Frábær stærðfræðingur og húmoristi
- Gaman að gera verkleguefnin eins og teikningarnar af kyrkjunum
- gerir þetta skemmtilegt og fyndið
- Goð ,hlý , goð kennslustundir
- gott
- Gott að leita til suma kennara, ekki allra samt
- góðar glósur í flestum tímum
- góður kennari
- Gæti ekki beðið um betri kennara. Nær rosa vel til nemenda.
- XXX er yndislegur og einn besti kenarinn í skólanum :)
- Hann er alltaf í góðu skapi og kemur vel fram við mann
- hann er bara frábær kennari og nær til allra held ég. ég er allavega mjög sátt/ur
- hann er bara frábær kennari og nær til allra held ég. ég er allavega mjög sátt/ur
- Hann er frábær
- hann er frábær kennari og mer líður vel í tímum hjá honum
- hann er góður kennari
- Hann er góður kennari og hann notar áhugamálið mans í að skilja dæminn og það hjálpar mikið
- hann er mjög þolinmóður og kennir manni vel
- Hann er rosalega góður maður, skilningsríkur og hjálpsamur
- Hann kann sitt fag
- Hann tekur alltaf eftir þegar fólk kemur seint og skráir þau í tíma í stað fyrir fjarvist
- hann virðist ekki hata námsefnið eins og sumir aðrir stærðfræði kennarar í VMA. áfanginn er líka allt í lagi giska ég.
- XXX er mjög góður kennari og kann sitt fag. Hann er með góðar kennsluaðferðir að mínu mati.
- Heldur andanum uppi og er bara gaman
- Heldur áhuga mínum.
- XXX er mjög góður kennari hann kann sitt fag hann kann að úrskýra þannig að allir skilja
- Hjálpssemi

- XXX er einn af mínum uppáhalds kennurum ef það er eitthvað að eða manni líður illa þá vill hún alltaf hjálpa manni, hún fer above and beyond fyrir nemendum sína
- Hún er frábær og mjög góður kennari
- Hún er góður kennari og hjálpar manni alltaf ef það er eitthvað sem maður á erfitt með
- Hún er mjög góð og reynir sitt besta til þess að hjálpa þeim sem skilja ekki :)
- Hún er mjög hvetjandi kennari og jákvæð
- hún er mjög skemmtileg
- jafnvel þótt hann heyrir illa þá er hann samt góður kennari
- Jákvætt hvað kennarinn stóð fagið sitt 100% vel .
- XXX er algjör snillingur!
- Kennararnir eru báðir mjög góðir, þægilegir í samskiptum og skemmtilegir, meira svona!
- Kennarinn er að reyna að tengja námsefnið við nútímann en næ því miður ekki tengingu við nemendur þrátt fyrir góða vilja.
- Kennarinn er alltaf til í að hjálpa manni sama hvað það er
- Kennarinn er góður kennari :)
- kennarinn er hreint og satt snillingur og kann sitt fag
- Kennarinn er mjög fínn
- kennarinn er mjög jákvæður og ávalt hress
- Kennarinn er mjög málefnalegur og frábær.
- kennarinn er rosa góður en þá er mál málanna. í skagafirði fara krakkarnir sem smíða húsið í ferð til Berlínar fyrir ágóðan af húsinu þannig ég var að pæla hvort við gætum ekki fengið eina svona ferð því ég veit að það verður bullandi gróði í þessu húsi sem við erum að smíða
- Kennarinn er voða skemmtilegur og hefur því gert áfangann vel bærilegann.
- Kennarinn kann efnið vel og er skipulagður.
- Kennarinn mætti útskýra hlutina betur og gefa fólki tíma til að glósa glæurnar.
- Kennarinn setur námsefnið vel fram
- kennarinn vel skipulögð
- Kennarinn virkilega hefur áhuga á námsefninu og er alltaf tilbúinn að útskýra aftur.
- XXX er langbesti kennarinn í skólanum
- Leiðilegur áfangi en kennarinn gerir námið áhugavert
- Lærinu að skrifa langa texta a stuttum tíma með þjalfun
- Maður getur lært mikið í þessum áfanga ef maður er með rétta kennaran
- Með betri kennurum sem ég hef haft. Fjölbreytt nám og einstaklega góð tengin kennarans við nemendurna í bekknum.
- Mér finnst gott að við fáum stig fyrir að reyna og setja formúlur og svoleiðis í t.d. prófum eða heimaverkefnum.
- Mér finnst gott hvað kennarinn þekkir efnið vel og að honum tekst að láta mann

skilja efnið.

- mér finnst hún bara mjög skemmtileg!! :)
- mér finnst mjög gott að það sé dagbók og ekkert próf
- Mér finnst XXX hafa komið sínu vel á frmafæri og gera sem mest úr námsefninu
- mér finnst þessi áfangi mjög skemmtilegur og kennarinn frábær
- Mikil fjölbreytni :)
- Mjög góður kennari heldur náminu áhugaverðu.
- Mjög góður, jákvæður og skemmtilegur kennari! Yndislegur í alla staði og kann sína vinnu. Mismunar ekki krökkunum og hjálpar öllum.
- Mjög jákvæður og er duglegur að sýna myndbönd og annað sambærilegt sem brýtur upp timannog í maður ser þa hlutina meira myndrænt
- Mjög skemmtilegir tímar
- mjög skemmtilegur áfangi og kennari :)
- Mjög skemmtilegur áfangi, skemmtilegt fólk og skemmtilegur kennari :)
- Mjög skemmtilegur kennari og gerir námsefnið áhugavert með fjölbreyttum tímum
- Mjög vel skipulagður
- Rólegur og gott að vera með honum í tímum
- samskipti eru góð
- Sanngjarn
- Sérstaklega vel skipulögð og hjálpleg moodle síða.
- skemmtileg tilbreyting að vera að spjalla mikið í tímum um eitthvað sem er skemmtilegt og að gerast í alvörunni
- Skemmtileg verkefni.
- Skemmtilegir og fjölbreyttir tímar
- Skemmtilegir tímar og kennari, mikið unnið að spennandi verklegum verkefnum
- skemmtilegt í alla staði
- Skemmtilegur áfangi og fínn kennari
- Skemmtilegur áfangi!
- skemmtilegur kennari
- XXX er að gera sitt besta við að kenna þennan áfanga
- Stóð sig vel bara og mjög skemmtilegir tímar :D
- XXX á skilið stórt hrós, hún er frábær
- XXX er með bestu og skemmtilegustu kennurum skólans, hún er snillingur
- XXX má eiga það að hún er ávalt hress og skemmtileg.
- Sýnir mikið tillit ef maður er ekki alveg með á nótunum
- Sýnir sjálf aðferðir og segir ekki bara gera þegar við erum ekki alveg viss
- Tímar eru mjög skemmtilegir.
- tímarnir eru rólegir og afslappaðir oftast. góður kennari

- Uppáhaldskennarinn minn
- XXX er algjört æði og mjög góður kennari.
- XXX er best
- Verklegu verkefni eru skemmtileg, ekki svo mikið skriflegu.
- Það er ekki hægt að biðja um betri kennara en XXX
- Það er gaman hvernig hún tengir félagsfræðina við eitthvað sem gerðist í alvörunni
- Það er mjög gaman í þessum áfanga
- Það er mjög gott að hann er að fara yfir öll dæminn
- Það væri auðveldara að einbeita sér ef hún væri ekki svona falleg
- Þetta er bara hrikalega flott ! Queen XXX
- Þetta er mjög skemtileg leið til þess að læra MYS
- Þetta er skemmtilegt
- Þetta er skemmtilegur áfangi
- Þetta er skemmtilegur kennari og kom mér á óvart. Ég hlakka alltaf til þegar ég veit að tímar hjá XXX eru framundan.
- Þolinmæði
- XXX er án efa lang upphalds kennarinn minn, hann hefur sýnt mér og kvíðaröskun minni mjög mikin skilning og sanngirni og hann er bara frábær
- XXX veit hvað hann er að gera, góður kennari
- XXX er frábært kennari og mjög klár.
- XXX er klár karl og góð fyrirmynd fyrir áhugamenn sögunnar.
- XXX kann efnið alveg uppá 10 og veit hvað hann er að segja og hann reynir alltaf að útskýra betur ef það er eitthvað sem maður skilur ekki. Áfanginn hefur vakið upp einhvern áhuga hjá mér á stjórnárum sem á klárleg eftir að nýtast mér í nákominni framtíð og út alla ævina :)
- Æðislegur kennari :)
- Öruggur með námsefnið, kann það greynilega vel